

Langesbyggð
Langesvegur 2
680 Þórshöfn

22. janúar 2026
UOS2501513/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 15. september 2025 – ID 37

Þann 15. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Langesbyggðar við Bakkafjörð. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 1.1 í starfsleyfi. Starfsleyfi rekstraraðila gildir fyrir móttöku til urðunar úrgangs. Önnur móttaka á úrgangi er óheimil og ber að fara inn á viðeigandi móttökustöð. Inn á urðunarstað eru gámar með brotajárni og raftækjum, kör með óvirkum og blönduðum úrgangi ásamt úr sér gegnum ökutækjum, vinnuvélum og vagnar sem tilheyra annarri starfsemi. **Búið var að fjarlægja hluta af þeim úrgangi norðan megin við urðunarstaðinn þegar eftirlit fór fram en SV megin er afgirt svæði til vörslu úrgangs sem ekki kemur fram í skipulagsáætlunum og tilheyrir ekki starfseminni. Frávik þetta varðar frávik nr. 1 í frávikum sem sett eru fram í eftirliti ársins 2025.**
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Ekki voru til staðar skráningar á þáttum úr tölul. 3, 4 ásamt hluta úr tölul. nr. 6 er snýr að vöktunarmælingum sem eiga að vera gerðar sbr. 4.2 í starfsleyfi og varða samsetningu yfirborðsvatns vegna ársins 2024.
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður allra skráninga sem teknar eru fram undir grein 4.1 í starfsleyfi í skýrslu (að undanskildum veðurfarsmælingum sbr. breytingar á starfsleyfi) og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert, vegna undangengins almanaksárs. Rekstraraðili hafði bætt úr hluta af skilum en þar sem við eftirlit ársins 2025 voru skilin ekki orðin fullnægjandi til samræmis við starfsleyfi verður eingöngu hægt að loka frávikinum þegar skil teljast fullnægjandi og skilafrestur virtur.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Niðurstöður vöktunarmælinga skulu studdar af yfirlitsmynd af urðunarstaðnum með merktum staðsetningum eða af skráðum upplýsingum með hnitsetningum sem sýna fram á staðsetningar mælibrunna. Einnig skal skrá staðsetningar þar sem samsetning yfirborðsvatns er mæld og þar sem rennslismæling er framkvæmd. Gæta þarf svo vel að merkingum fyrir hvað sýnatökur standa fyrir í skráningum við skil á þeim upplýsingum.
2. Allur móttekinn úrgangur skal lagður í urðunarhólf og birgður samdægurs, m.a. það timbur sem móttekið er ef ekki finnst viðeigandi endurnýtingarfarvegur fyrir það. Eingöngu er heimilt að nota óvirkkan úrgang í frágang fyllinga. Timbur er ekki óvirkur úrgangur. Ákvörðunartaka um landmótun þar sem úrgang á að nýta í fyllingar skal fara í gegnum skipulagsferli eins og við á. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út frekari leiðbeiningar sem ber að hafa til hliðsjónar varðandi endurnýtingu úrgangs í fyllingar.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi og 9. gr. rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar og fara annað hvort beint til endurnýtingar eða á söfnunar-/móttökustöð og þaðan til endurnýtingar eða förgunar. Á urðunarstað er geymdur úrgangur sem ekki fellur að móttökuskilyrðum til urðunar og hefur verið geymdur þar til lengri tíma.
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skráningum vegna tl. nr. 3 og 4 varðandi stöðu urðunarstaðar og vöktun á sigi var ekki skilað í skráningum við skil ársyfirlits vegna ársins 2024.
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Vöktun vegna samsetningu yfirborðsvatns fór ekki fram árið 2024 og skráningum þess efnis ekki skilað.
4. Niðurstöðum skráninga innra eftirlits var skilað eftir skilafrest, þann 6. júní 2025 og **fráviki því lokið.**

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. febrúar 2026.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir

sérfræðingur, teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir

sérfræðingur, teymi eftirlits